

Fundargerð 90. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: Þriðjudagur 16. nóvember 2021 klukkan 16:30 á Teams.

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Helga Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Heiðrún Edda Pálsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Örvar Marteinson kom undir lið 7.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á Teams fund.

Dagskrá samkvæmt áætlun um fundi skólanefndar sem var samþykkt á fundi skólanefndar 14.06.2021.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun.


Það er ekki búið að skipa ríkisstjórn og fjárlög hafa því ekki verið samþykkt. Samkvæmt fréttáflutningi vikunnar má eiga von á skipun ríkisstjórnar í þessari viku eða næstu. Það er ljóst á þessari stundu að árið 2021 mun enda í halla en FSN á þó eftir að fá uppbætur vegna starfsbrautar því starfsbrautin er töluvert þyngri en undanfarin ár. Þetta mun vera þriðja árið í röð sem FSN er rekið með halla. Stjórnendur skólans hafa fundað með Mennta- og menningarmálaráðuneyti um fjárhagsvanda FSN. Skólameistari var á fundi í ráðuneyti í gær og fékk misvísandi upplýsingar um fjárhagsstöðu skólans. Það verður spennandi að fylgjast með hvað kemur í ljós. Skólameistari mun funda fljótlega vegna samkomulags um ferðir nemenda í framhaldsdeildinni.

3. Starfsmannamál.

Freydís Bjarnadóttir stærðfræðikennari hefur sagt starfi sínu lausu og mun hætta um áramót.

4. Punktur frá fulltrúa nemendafélags.

Nýnemaball og vökunótt gengu mjög vel og var nemendafélaginu hrósað fyrir vel unnin störf. West side var frestað vegna Covid. Það er stefnt að jólaskemmtun með mat og vonandi verður ball líka og þá jafnvel að undangengnum hraðprófum. NFSN mun selja peysur á næstu dögum. NFSN var að hugsa um að halda ball fyrir unglíngastig, 8.-10. bekk á Snæfellsnesi. Nemendur FSN eru á leið í útskriftarferð í vor en um 30 nemendur eru að fara og munu þau hefja fjáröflun á næstu dögum. Stefnan er sett á útskriftarferð til Mexíkó. Það eru kynningar á FSN í grunnskólum í gangi og er það námsráðgjafi, fulltrúar NFSN og nemendur FSN sem sjá um kynningarnar.



5. Jafnlaunavottun – eftirlitsúttekt.

Það fór fram eftirlitsúttekt á jafnlaunavottun FSN á dögnum. Það er mat úttektarstjóra að jafnlaunakerfið og stjórnendur hafi getu til að ná fram þeim markmiðum sem Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur sett sér og þeirri útkomu sem jafnlaunakerfinu er ætlað að raungera. Jafnlaunakerfið og ábyrgðaraðilar þess halda áfram að sýna alla burði til þess að gera mætt kröfum jafnlaunastaðalsins. Marmiðum úttektarinnar var náð og mun Fjölbrautaskóli Snæfellinga viðhalda jafnlaunavottun sinni áfram. Úttektin var önnur af tveimur viðhaldsúttektum frá því að Fjölbrautaskóli Snæfellinga hlaut frumvottun á jafnlaunakerfi sínu. Launagreiðing leiddi í ljós að það hallar örlítið á karlmenn við FSN eða rúm 2%.

6. Þjónustuveitendur - farsæld barna.

Ný lög um farsæld barna taka gildi um áramót. Skólameistari er að kynna sér nýju lögin og hvaða áhrif lög um farsæld barna mun hafa á FSN. Það er verið að samþætta þjónustu í þágu barna. Þessi nýju lög hafa í för með sér miklar breytingar.

7. Nýsköpun- og frumkvöðlar.

Jóhann Jón Ísleifsson hefur fundað með skólameistara varðandi nýsköpun og markaðssetningu. FSN og Jóhann Jón munu vinna að samstarfsverkefni með tengingu inn í fyrirtæki og við nýsköpunar- og frumkvöðlabraut í FSN. Í FSN er áfangi sem er kallaður MeMa en MeMa er menntamaskína og nýsköpunarhraðall fyrir framhaldsskólanema. Í MeMa vinna nemendur að því að búa til virka frumgerð að nýsköpunarhugmynd sem lokaverkefni úr framhaldsskólanámi sínu. Verkefnið er umfangsmikið og fer fram í gegnum hönnunar- og tæknispretti. Að þessu sinni er áskorunin eitt af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna: Ábyrg neysla og framleiðsla.

8. Þekkingarsetur.

Staðnemendum við FSN hefur fækkað og er því mikið af húsrými lítið nýtt. Skólameistari spurði hvað nefndarmönnum finnst um að skoða möguleika á því að einhverjir sem eru að vinna eitthvað verkefni út í samfélaginu fengu aðstöðu í FSN. Hugmyndin er einhvers konar lærdómssamfélag. FSN þarf að skoða frekari tekjumöguleika fyrir stofnunina. Með fækkun nemenda getur líka verið erfitt að réttlæta að leigja svona marga fermetra fyrir fáa nemendur. Fundarmenn tóku ekki illa í skoðun á frekari möguleikum fyrir FSN.

9. Útskrift.

Það eru 10 nemendur sem stefna að útskrift þann 18. desember. Þetta er lítill hópur og nokkrir fjarnemendur eru í útskriftarhópnum. Það eru skráðir 16 nemendur til útskriftar í vor.

Aðstoðarskólameistari nefndi það að fyrirtækjum væri velkomið að verðlauna útskriftarnemendur með einhverjum hætti við útskriftir.



10. Önnur mál.

- Farið yfir punkta frá fjármálastjóra varðandi heimtur af upptökusvæði skólans. Heimtur af upptökusvæði FSN haustönn 2021 voru aðeins 64,87%, þar af skiluðu um 90% sér frá Stykkishólmi og Grundarfirði en aðeins 62% úr Snæfellsbæ. Frá Vesturbyggð kom enginn af 9 nemendum en 83% frá Tálknafirði.

Spurningar eins og hvað getur FSN gert til þess að fá hærra hlutfall nemenda af upptökusvæði skólans, eru nemendur að leita í verknám og hvers vegna fara nemendur annað voru ræddar. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að auka samstarf við grunnskólanna. Það var í gangi samstarfsverkefni um starfsnám á landsbyggðinni fyrir Covid 19. Það virðist vera þörf á frekara verknámi og væri lag að útfæra samstarf um starfsnám á landsbyggðinni betur. Nemendur sem eru að fara í verknám geta tekið fyrstu tvö árin í bóklegum greinum í FSN. Af dagskólanemendum í FSN eru 25 í námi frá Stykkishólmi, 25 í námi frá Snæfellsbæ og 9 í námi frá Grundarfirði.

- FSN er oft skemmtilegt á instagram en það ratar ekki inn á facebook. Það má skoða að stilla það þannig hjá FSN.

Næsti fundur 18. janúar 2022 klukkan 16:30.

Fundi slitið klukkan 17:58.